



## Afturelding í samstarfi við Þór kynnir Knattspyrnskóla Liverpool á Íslandi 2013

Knattspyrnskóli Liverpool verður á Íslandi í sumar, þriðja árið í röð. Sú nýbreytni er að boðið verður upp á námskeið á Akureyri í samstarfi við Þór. Haldin verða tvö námskeið. Fyrra námskeiðið verður á Tungubökkum í Mosfellsbæ dagana 6. - 8. júní (fimmtudagur til laugardags) og hið síðara á Þórsvellinum á Akureyri 9. - 11. júní (sunnudagur til þriðjudags). Námskeiðið er 15 tímar, kl. 10:00 til 15:00, í þrjá daga.

Knattspyrnskóli Liverpool er fyrir fótboltastráka og -stelpur á aldrinum 6 - 14 ára (7. - 4. flokkur). Liverpool starfrækir knattspyrnskóla víða um heim sem leggur mikla áherslu á þjálfun barna og unglinga og hefur starf þeirra alið af sér heimsklassa knattspyrnumenn eins og Steven Gerrard.

Allir þátttakendur á námskeiðinu verða undir stjórn þjálfara frá Liverpool og mun hver þeirra stýra hópi með um 16 börnum. Þeim til aðstoðar verða íslenskir þjálfarar sem munu m.a. sjá um að túlka á íslensku. Skipt verður í hópa eftir aldri og sérstakir æfingahópar verða í boði fyrir markmenn.

Þátttaka er takmörkuð og því mikilvægt að tryggja sér sæti sem fyrst með greiðslu þátttökugjalds sem er kr. 22.500. Innifalið í því er morgunhressing, heitur hádegisverður og LFC fótbolti til eignar í lok námskeiðs.

Greiðsla og skráning: Sendið skráningarbeiðni í tölvupósti á [lfca@simnet.is](mailto:lfca@simnet.is). Í henni verður eftirfarandi að koma fram:

- Nafn barns
- Kennitala barns
- Nafn forráðamanns
- Kennitala forráðamanns / greiðanda
- Gsm númer forráðamanns
- Heimili
- Námskeiðsstaður: Mosfellsbær eða Akureyri
- Skráning í markmannshóp
- Sérþarfir, s.s. ofnæmi eða mikilvægar upplýsingar
- Greiðslukvittun úr netbanka

Skráning tekur gildi við greiðslu. Þátttökugjaldið greiðist á reikning: 0549-26-457, kt. 5201002610  
Athugið að hluti þátttökugjalds er staðfestingargjald kr. 7.500 sem ekki fæst endurgreitt.

Allar frekari upplýsingar eru veittar um netfangið [lfca@simnet.is](mailto:lfca@simnet.is)





# International Football Academy

SOCCER SCHOOLS



Ánægður drengur hafði þetta að segja eftir að skólanum lauk í fyrra:

„Þetta er það besta sem hefur komið fyrir mig...draumur minn hefur ræst.“

Foreldrar hafa m.a. þetta að segja um skólann:

„Gangi ykkur vel með að halda þessu áfram, mér finnst framtakið (Knattspyrnskóli Liverpool) frábært.“

„Ég var með tvo stráka þarna og vill þakka fyrir frábært námsskeið. Þeir eru ótrúlega ánægðir með þessa þrjá daga.“



„Sonur minn mætti í Liverpoolskólann í bæði skiptin. Hann var ánægður í fyrra en enn ánægðari núna. Honum fannst æfingarnar vera góðar og gagnlegar. Eins var vinur hans í markmannshópnum mjög ánægður líka. Takk fyrir gott framtak.“

„Ég vil bara þakka fyrir frábæra Liverpool daga, strákurinn var mjög ánægður og við foreldramir líka, vel af öllu staðið. Þetta er upplifun sem situr lengi eftir og strákurinn hlakkar til að mæta í Liverpoolskólann að ári.“

„Þetta var bara hreint út sagt frábært! Allt til fyrirmyndar og drengurinn hæstánægður með skólann. Panta hér með pláss aftur á næsta ári.“



„Við vorum mjög ánægð með skólann og fyrirkomulagið á honum. Okkar drengur var mjög ánægður og sagðist hafa lært eitt og annað, þar með er tilganginum náð. Einu áhyggjurnar voru hvort þeir kæmu ekki aftur á næsta ári eða hvort við ættum þá ekki bara að flytja út svo hann gæti verið alfaríð hjá þeim.“

„Bara snilldar námskeið og minn drengur var alsæll eftir þennan frábæra tíma. Allt til fyrirmyndar. Get ekki verið sáttari og bíðum spennit eftir næsta námskeiði.“

„Frábær upplifun hjá mínum dreng og mjög góð tímasetning svona strax eftir að skóla lýkur.“



„Hann var meira en alsæll með Liverpool skólann, var alveg í skjúnunum og vill koma aftur næsta sumar. Vel staðið að honum í alla staði, frábært hjá ykkur.“

„Okkur fannst þetta takast sérlega vel hjá ykkur og pilturinn mjög ánægður.“

„Strákurinn var mjög glaður með þetta allt saman. Skipulagið var til fyrirmyndar og gekk mjög vel. Tímasetningin er góð í byrjun sumars.“

„Minn strákur var rosalega ánægður með Liverpool skólann og hann ætlar sko aftur á næsta ári, hann var í markmannshópnum og var alveg í skjúnunum og honum fannst markmannsbjálfarinn alveg frábær.“





# International Football Academy

SOCCER SCHOOLS



Andrew Windsor, yfirþjálfari Liverpoolskólans á Íslandi 2012 var einstaklega ánægður með umgjörð skólans og líkamlegt atgervi krakkana. Honum fannst mjög áberandi hvað þau voru sterk líkamlega.

*„Færi ykkur mínar bestu þakkir. Allir lögðu sig fram og gerðu sitt besta til að skólinn heppnaðist fullkomlega.“*

*„Við sjáum vel að [Íslenskir] strákar og stelpur eru mikið keppnisfólk og það er góður eiginleiki að hafa hjá knattspyrnuliði sem er jafnhátt skrifað og Liverpool.“*



Anthony Godfrey, yfirþjálfari Liverpoolskólans á Íslandi 2011 var í sjöunda himni með heimsóknina að Tungubökkum.

*„Skólinn heppnaðist gríðarlega vel og fór fram úr okkar björtustu vonum. Ég hef tekið þátt í að skipuleggja og þjálfa í ótal fótboltaskólum en sá Íslenski er einn sá allra besta í Evrópu. Skipulagningin hjá Íslensku tengiliðunum var framúrskarandi og við Liverpoolþjálfararnir vorum yfir okkur hrifnir af áhuga og dugnaði ungu fótoltakrakkana.“*



Anthony segir að stærsti kosturinn við það að taka þátt í Liverpoolskólanum sé að geta lært af frábærum þjálfurum sem vinna eftir hugtakinu „The Liverpool Way“ Öll þjálfun í Liverpoolskólanum er hönnuð í kringum leikjatengda atburðarás og aðalmarkmiðið er að hafa æfingarnar skemmtilegar. Hann segir krakkana á Íslandi hafa góðan grunn.

*„Þeir eru greinilega mjög kappsamir og njóta þess að æfa og spila fótbolta. Þeir eru upp til hópa einstaklega áhugasamir og viljugir að læra meira og flestir eru mjög ákveðnir í því að verða betri leikmenn. Þegar maður hefur úr svona góðum efniviði að spila og jafn áhugasama einstaklinga geta þeir staðist samanburð við þá bestu, hvar sem er í heiminum.“*

